# Samverustundir og viðhorf til áhættuhegðunar

Könnun meðal foreldra/forráðamanna ólögráða framhaldsskólanema

Unnið fyrir SAMAN-hópinn, Embætti landlæknis
og Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Maí 2016

Sigríður Sigurjónsdóttir
Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir
Anna Sigríður Ólafsdóttir

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

© 2016 Sigríður Sigurjónsdóttir, Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir
og Anna Sigríður Ólafsdóttir.
Skýrslu þess má ekki afrita nema með leyfi höfunda.

# Efnisyfirlit

Samantekt ..... 1
Samvera ..... 1
Eftirlit ..... 2
Áfengi ..... 2
Skólinn ..... 3
SAMAN-hópurinn ..... 4
1. Inngangur ..... 5
2. Aðferðir ..... 7
2.1. Þátttakendur og framkvæmd ..... 7
2.2. Úrvinnsla gagna ..... 8
3. Niðurstöður ..... 9
3.1. Þátttakendur ..... 9
3.2. Samvera og tengsl ..... 11
3.3. Samskipti og reglur ..... 14
3.2.1 Uppeldi og forvarnir ..... 15
3.2.2 Aðhald og eftirlit ..... 17
3.2.3 Upplifun foreldra á því hvort ungmennið farið eftir reglum ..... 18
3.4. Viðhorf til áfengisneyslu og afstaða til áfengisdrykkju og -kaupa ..... 20
3.4.1 Neysla ungmennis ..... 20
3.3.2 Viðhorf foreldra til áfengis-og vímuefnaneyslu ungmennis ..... 21
3.5. Foreldrastarf í skólum ..... 26
3.6. Skólinn ..... 28
4. Heimildaskrá ..... 29

# Samantekt

Hér verða kynntar helstu niðurstöður úr könnun meðal foreldra og/eða forráðamanna ólögráða framhaldsskólanema. Til einföldunar verður hér notast við orðið foreldrar og er þá bæði átt við foreldra og/eða forráðamenn. Orðin ungmenni og unglingar verða notuð jöfnum höndum til að lýsa þeim ungmennum sem spurningar til foreldra snúa að.

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna samverustundir foreldra og ungmenna á aldrinum 16 til 18 ára ásamt viðhorfum foreldra til áhættuhegðunar ungmenna, s.s. áfengis- og vímuefnaneyslu. Alls tóku um 3.500 foreldrar virkan þátt í könnuninni sem samsvarar um 46% af áætluðu úrtaki. Könnunin sem var framkvæmd í nóvember-desember 2015 var í höndum rannsakenda við Háskóla Íslands í samvinnu við SAMAN-hópinn, Embætti landlæknis og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Undirbúningur fyrir könnunina var í höndum rannsakenda og SAMAN-hópsins auk þess sem sérfræðingar Embættis landlæknis höfðu aðkomu að gerð spurningalistans. Rannsakendur sáu um framkvæmd í samvinnu við skólastjórnendur og úrvinnsla gagna var í höndum rannsakenda. Niðurstöðunum er fyrst og fremst ætlað að nýtast í forvarna og þróunarstarfi þessara aðila.

## *Helstu niðurstöður*

### *Samvera*

- Algengustu samverustundir foreldra og ungmenna voru sameiginlegur kvöldverður (92% flesta eða alla daga vikunnar) og spjall um allt og ekkert (49% alla daga vikunnar) en næst á eftir komu sjónvarpsáhorf (65% vikulega eða oftar) og bíltúrar (80% vikulega eða oftar).
- Tækifæri til þess að eiga samverustund með ungmenni glatast þegar ungmenni þurfa að flytja að heiman til þess að fara í framhaldsskóla og því er munur á samverustundum eftir búsetu. Þar sem ungmenni þurftu að flytja að heiman til þess að fara í framhaldsskóla var sjaldnar borðaður kvöldmatur saman, sjaldnar var spjallað og sameiginlegir bíltúrar voru færri.
- Nokkuð algengt var að foreldrar og ungmenni skoðuðu saman efni á netinu (39% vikulega eða oftar), en mun færri fóru saman í tölvuleiki (78% aldrei).
- Kynjamunur var á sumum samverustundum; konur spjölluðu oftar og voru líklegri til að skoða efni á netinu með ungmennunum sínum en karlar fóru frekar í tölvuleiki með ungmennunum sínum en konur.
- Þrír af hverjum fjórum foreldrum töldu sig eiga mjög auðvelt með að sýna ungmenni sínu umhyggju og hlýju og 56% foreldra töldu sig eiga mjög auðvelt með að tala um persónuleg málefni við ungmenni sitt. Konur töldu sig þó eiga

auðveldara bæði með að sýna hlýju og tala um persónuleg málefni samanborið við karla en bæði kyn áttu jafn auðvelt með að veita aðstoð við ýmis viðfangsefni. Alls töldu 90% foreldra sig eiga mjög eða frekar auðvelt með að aðstoða ungmenni sitt við ýmis viðfangsefni.

*Eftirlit*

- Flestir foreldrar (82-85%) settu unglingnum sínum reglur um hvað megi gera utan heimilis og sömuleiðis um útivistartíma og nær allir töldu að ungmenni sín fylgdu reglum um útivistartíma.
- Spurningar sem tengdust reglum og eftirliti, s.s. um eftirlitslaus partý, sumarbústaðaferðir og útihátíðir bentu til að almennt væru settar reglur og vel fylgst með ungmennum. Foreldrar fylgdust jafnframt með hvar og með hverjum ungmenni þeirra voru.
- 90% foreldra sögðust aldrei leyfa ungmenni sínu að halda eftirlitslaus partý en helmingur foreldra sögðu að unglingurinn hefði farið í slík partý.
- Þrír af hverjum fjórum sögðust ekki leyfa eftirlitslausar sumarbústaðaferðir eða útilegur. Flestir töldu að ungmennin fylgdu vel þessum reglum en þó voru karlar líklegri en konur til að telja að unglingurinn þeirra hefði farið í eftilitslausar ferðir af einhverju tagi.
- Fleiri konur en karlar sögðust þekkja flesta eða alla vini/vinkonur unglinganna sinna (94% á móti 87%) og konur voru einnig líklegri en karlar til að þekkja alla eða flesta foreldra vina unglingsins (67% á móti 54%). Konur fylgdust jafnfamt frekar með því með því hvar og með hverjum ungmenni þeirra væru á kvöldin og um helgar en karlar og sögðust oftar kanna hvort fullorðinn einstaklingur væri á staðnum ef ungmenni þeirra færi í partý.

*Áfengi*

- Mjög fáir foreldrar sögðust hafa boðið unglingnum sínum áfengi eða keypt áfengi fyrir hann. Þá voru 75% foreldra sem mjög eða frekar ósammála þeirri fullyrðingu að þeir foreldrar sem kaupa áfengi fyrir ungmenni geti betur fylgst með áfengisneyslu þeirra.
- Karlar voru almennt hlutfallslega líklegri samanborið við konur til þess að vera með frjálslegra viðhorf gagnvart áfengi og áfengisneyslu.
- Hlutfallslega fleiri foreldrar voru samþykkir því að ungmenni þeirra neyti áfengis (11%) en annarra vímuefna (2%). Hlutfallslega fleiri karlar voru samþykkir því að unglingurinn þeirra neyti áfengis en konur (16% á móti 9%).
- Um fjórðungur foreldra (27%) telja að ungmenni þeirra hafi einhvern tíman neytt áfengis en færri að það hafi orðið ölvað (14%). Tæpur fjórðungur foreldra taldi að minnst kosti helming jafnaldra unglingsins einhvern tímann hafa drukkið áfengi.

- Um helmingur foreldra (49%) sagði að ungmenni þeirra hefði séð þá undir áhrifum áfengis en að það væri mjög sjaldan. Fleiri konur en karlar sögðu að ungmenni þeirra hefði aldrei séð þær undir áhrifum áfengis (34% á móti 22%).
- Meirihluti foreldra eða 72% taldi að áfengiskaupaaldur ætti að vera 20 ára samkvæmt lögum líkt og hann er, en 24% foreldra fannst að áfengiskaupaaldur ætti að vera 18 ára. Nokkrir nefndu sérstaklega að áfengiskaupaaldur ætti að vera sá sami og lögræðisaldur óháð því hvort sá aldur væri 18 eða 20 ára.
- Mikill meirihluti foreldra (92%) voru andvígir áfengisdrykkju ólögráða ungmenna á framhaldsskólaaldri þ.e. yngri en 18 ára. Hins vegar voru færri, eða 68% foreldra andvígir áfengisdrykkju ungmenna yngri en 20 ára þannig að viðhorf foreldra virðast breytast töluvert þegar ungmenni ná 18 ára aldri. Konur höfðu almennt neikvæðari viðhorf gagnvart áfengisneyslu ungmenna.

*Skólinn*

- Meirihluti foreldra (75%) voru mjög eða frekar sammála því að foreldraþátttaka í skólastarfi skipti miklu máli varðandi áfengis- og vímuvarnir auk þess sem 87% töldu mikilvægt að foreldraráð skólanna beiti sér í áfengis og vímuvörnum.
- Meirihluti foreldra (75%) var ánægður með forvarnarstefnu þess skóla sem ungmenni þeirra er í. Nokkur kynjamunur var á viðhorfum og konur almennt jákvæðari í garð forvarnastefnu skólanna en karlar. Hlutfallslega færri höfðu þó kynnt sér stefnuna (68%). Munur var á svörun eftir kyni foreldris, þar sem konur töldu sig hafa kynnt sér stefnuna vel eða frekar vel í 73% tilvika á móti 55% karlanna. Flestir (88%) töldu sig jafnframt fá nægar upplýsingar/fræðslu um forvarnir í áfengis-og vímuvörnum.
- Mikill meirihluti foreldra (93%) var sammála því að skemmtanir á vegum framhaldsskóla ættu að vera áfengis- og vímuefnalausar.
- Meirihluti foreldra (69%) var andvígur því að skemmtanir í nafni skólans væru haldnar á vínveitingastöðum.
- Flestir foreldrar (69%) voru hlynntir því að notast ætti við áfengismæla á skólaskemmtunum og mæla ætti annars konar neyslu og þá sérstaklega kannabisreykingar (74%). Margir voru hlynntir því að fíkniefnahundar væru notaðir við vímuefnaleit í framhaldsskólum (65%).
- Svipað hlutfall foreldra taldi að áfengisneysla ungmenna í framhaldsskóla ungmennis þeirra væri vandamál (34%) og þeir sem töldu að hún væri ekki vandamál (35%) eða voru hlutlausir (31%). Munur var eftir kyni foreldris, þar sem konur voru frekar sammála þeirri fullyrðingu að áfengisneysla væri vandamál í skóla ungmennis en karlar (35% samanborið við 28%).
- Flestir foreldrar tilgreindu að skólinn ætti að láta foreldra vita ef ungmenni þeirra væri undir áhrifum áfengis og láta þá sækja ungmennið.

- Þá sögðust 37% foreldra alltaf sækja ungmennið sitt að loknum skólaskemmtunum en hafa ber í huga að álíka hátt hlutfall (35%) svaraði stundum eða aldrei.

*SAMAN-hópurinn*

- Helmingur foreldra sem sagðist þekkja til SAMAN-hópsins, en kynjamunur þar á var mikill þar sem 58% kvenna sögðu að fullyrðingin að þær þekktu til starfa SAMAN hópsins ætti mjög eða frekar vel við sig á móti 27% karla.

**Vinnuhópur**

Spurningalisti var útbúinn í takt við óskir og þarfir SAMAN hópsins, en í framkvæmdahópi fyrir hönd hópsins voru Marta Kristín Hreiðarsdóttir, Guðrún Halla Jónsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir. Einnig höfðu Sveinbjörn Kristjánsson og Héðinn S. Björnsson hjá Embætti Landlæknis aðkomu að gerð spurningalistans ásamt Steingerði Ólafsdóttur lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Unni Björk Arnfjörð lýðheilsufræðingi og doktorsnema við Menntavísindasvið auk skýrsluhöfunda. Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir sá um allan undirbúning og framkvæmd auk þess að vinna frumniðurstöður en Sigríður Sigurjónsdóttir sá um tölfræðigreiningu og uppsetningu skýrslunnar. Yfirumsjón var í höndum Önnu Sigríðar Ólafsdóttur, dósents á Menntavísindasviði HÍ. Menntavísindastofnun HÍ veitti aðgang að hugbúnaðarforritinu Qualtrics.

**Þakkir**

Skólameistarar/stjórar og starfsfólk á skólaskrifstofum framhaldsskólanna sem tóku þátt fá þakkir fyrir sitt framlag við útsendingu spurningalista og áminningarpósta til þátttakenda og þeim fjöldamörgu foreldrum og forráðamönnum sem gáfu sér tíma til að svara listanum færum við sérstakar þakkir. Einnig viljum við þakka Jóni Sigfússyni framkvæmdastjóra hjá Rannsóknum og greiningu (R&G) fyrir velvild og aðgengi að spurningalistum, en við gerð spurningalistans var litið til nokkurra spurninga sem R&G hafa áður lagt fyrir nemendur í framhaldsskólum með það fyrir augum að geta speglað svör foreldra í þessari könnun við upplifun framhaldsskólanema.

Verkefnið var styrkt af Embætti landlæknis og Mennta- og menningar-málaráðuneytinu.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

SAMAN

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Heilsueflandi framhaldsskóli

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# 1. Inngangur

Skaðsemi áfengis-og vímuefnanotkunar er vel þekkt. Sýnt hefur verið fram á að áfengis- og vímuefnanotkun meðal ungmenna ýti undir ýmis konar áhættuhegðun sem getur skaðað heilsu bæði til skemmri og lengri tíma (1). Áfengis- og vímuefnanotkun meðal ungmenna tengist meðal annars aukinni áhættu á slæmri líkamlegri og andlegri heilsu, ótímabærum dauðsföllum, umferðarslysum, slökum námsárangri og misnotkun á áfengi og öðrum vímuefnum seinna á lífsleiðinni (2, 3). Til viðbótar við þau neikvæðu áhrif sem áfengi og önnur vímuefni hafa á sjálfan einstaklinginn þá hefur áfengis- og vímuefnanotkun ungmenna í för með sér mikinn kostnað fyrir allt samfélagið (1). Vegna þeirra afleiðinga og áhrifa sem áfengis- og vímuefnanotkun meðal ungmenna getur haft í för með sér er mikilvægt að draga úr og koma í veg fyrir þessa notkun.

Nauðsynlegt er að skilja hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á áhættuhegðun ungmenna í tenglsum við notkun vímuefna svo hægt sé að tryggja markvisst forvarnastarf og draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir notkun ungmenna á hvers konar vímuefnum. Öflugt forvarna- og rannsóknarstarf hefur verið á viðfangsefninu hér á landi og hafa hérlendar rannsóknir m.a. sýnt að þeir þættir sem geta minnkað líkurnar á áfengis- og vímuefnanotkun ungmenna eru m.a eftirlit foreldra og þátttaka ungmenna í skipulögðu tómstunda- og íþróttastarfi (4). Einnig hefur verið sýnt að þeir þættir sem geta aukið líkurnar á áfengisnotkun ungmenna eru m.a. tengdir hegðun, viðhorfum og samskiptaformi vina og fjölskyldu (5). Hér á landi hafa verið gerðar rannsóknir þar sem skoðanir ungmenna á viðhorfum foreldra eru kannaðar en færri rannsóknir hafa beinst beint að skoðunum foreldra/forráðamanna auk þess sem foreldrar ungmenna á fyrstu árum framhaldsskólanas hafa síður fengið athygli en foreldrar í efri bekkjum grunnskólans. Framhaldsskólaaldurinn er hins vegar sérstaklega athyglisverður í ljósi aukins sjálfstæðis þar sem ábyrgðin færist smám saman frá foreldrum til ungmennanna sjálfra með hækkandi aldri, og mikilvægt er að foreldrar haldi áfram að veita stuðning og fylgi eftir ábyrgð sinni á velferð ungmenna að 18 ára aldri.

Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að mótun á viðhorfum og hegðun ungmenna (6). Samþykki foreldra á drykkju ungmenna líkt og að útvega ungmennum áfengi, neyta áfengis með ungmennum eða skeytingarleysi gagnvart drykkju getur aukið notkun áfengis meðal ungmenna og ýtt undir misnotkun (6, 7). Á hinn bóginn hafa verndandi viðhorf foreldra líkt og „foreldrar mínir vilja ekki að ég drekki áfengi" fælandi áhrif á áfengisneyslu meðal ungmenna (6). Eftirlit með ungmennum í ýmsum samkvæmum hefur einnig fælandi áhrif á áfengisneyslu og talið er að það geti dregið úr ýmissi áhættuhegðun líkt og að keyra undir áhrifum áfengis (8, 9). Einnig eru foreldrar sem fylgjast reglulega með neyslu ungmenna og setja reglur er varða áfengisneyslu á heimili ólíklegri til þess að eiga ungmenni sem neyta áfengis (8, 10).

Þótt ekki sé ljóst að hve miklu leyti samræður foreldra og ungmenna um áfengi og áfengisneyslu hafi verndandi áhrif gegn neyslu áfengis meðal ungmenna (7, 10) þykir ljóst að fjöldi samverustunda ungmenna með foreldrum tengist minni áfengisneyslu meðal ungmenna. Því meiri tíma sem ungmenni upplifa að þau eyði með foreldri því ólíklegri eru þau til að neyta áfengis og líklegri til þess að bíða með að neyta áfengis þar til seinna á lífsleiðinni (10). Auk þess að draga úr áhættuhegðun þá er talið að samvera og tengsl ungmenna við foreldri hafi almennt jákvæð áhrif á líf ungmenna og auki líkurnar á að þeim vegni vel (11-15). Út frá þessu má sjá að foreldrar/forráðamenn hafa mótandi áhrif á ungmenni og viðhorf þeirra til áfengisneyslu. Því er mikilvægt að afla upplýsinga um samverustundir foreldra og ungmenna og viðhorf foreldra til áfengis- og vímuefnaneyslu til þess að nýta í forvarnarstarfi í samfélaginu.

Könnunin sem hér er kynnt er sprottin á hugmynd SAMAN hópsins sem hefur það að markmiði að auka samstarf fólks sem vinnur að forvörnum. Hópurinn vinnur að því að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglingum stafar af áfengi og vímuefnum og hlutverki og ábyrgð foreldra í forvörnum. Með starfi sínu vill hópurinn styrkja og styðja foreldra í sínu uppeldishlutverki og hvetur til jákvæðra samskipta og samverustunda. Sjá einnig: https://www.samanhopurinn.is/. Gallup framkvæmdi síðast foreldrakönnun fyrir SAMAN hópinn og Lýðheilsustöð 2004 en sú könnun var símakönnun og náði til 1200 manna slembiúrtaks fólks á aldrinum 33-55 ára og takmarkaðist því ekki við foreldra framhaldsskólanema. Niðurstöðurnar hafa ekki verið birtar á opinberum vettvangi en hafa nýst í innra starfi hópsins. Könnunin sem hér er kynnt er eins og sú fyrri liður í því að hópurinn geti skilað markvissu forvarnastarfi í takt við þarfir samfélagsins, en vonir standa til að gögnin muni jafnframt nýtast í innra starfi þátttökuskóla og til frekari rannsókna á viðfangsefninu.

# 2. Aðferðir

Spurningalisti var útbúinn í takt við óskir og þarfir SAMAN hópsins og lagður fyrir þátttakendur á rafrænu formi. Notast var við hugbúnaðarforritið Qualtrics (http://menntavisindastofnun.hi.is/hugbunadur)(16).

## *2.1. Þátttakendur og framkvæmd*

Kynningarbréf um tilgang og verklag rannsóknarinnar var sent út til skólameistara allra framhaldsskóla og í kjölfar þess var haft samband símleiðis við skólana til að kanna áhuga á þátttöku. Af 36 framhaldsskólum á landinu voru sex skólar sem uppfylltu ekki þátttökuskilyrði (of fáir nemendur á aldrinum 16-18 ára), einn skóli synjaði þátttöku og annar skóli sagði sig frá þátttöku á meðan á rannsókn stóð þar sem gleymdist að senda út listann til foreldra. Lokaúrtak samanstóð því af 28 framhaldsskólum. Þátttaka skóla fól í sér að áframsenda tölvupóst sem innihélt kynningarbréf og rafræna slóð að spurningalista til foreldra/forráðamanna ólögráða nema í viðkomandi skóla.

Kynningarbréf ásamt rafrænni slóð að spurningalista var send til skólastjórnenda og sendu þeir kynningarbréfið ásamt slóðinni að spurningalistanum áfram til þátttakenda. Öll svör voru ópersónugreinanleg og ekki var notast við nein auðkenni við söfnunina. Gögnin voru jafnframt aðeins aðgengileg rannsakendum. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar í samræmi við reglur.

Gagnaöflun stóð yfir á tímabilinu 2. nóvember til 7. desember 2015. Spurnignalistanum var fyrst dreift til foreldra vikuna 2. til 6. nóvember. Á því tímabili sem rannsóknin stóð yfir var áminning til foreldra send út tvisvar sinnum. Áminningarnar voru eins og fyrsta þátttökubréf sendar til skólastjórnenda sem sáu um að áframsenda þær til foreldra. Áminningarnar voru sendar út vikuna 9-13.nóvember og 23-27. nóvember. Foreldrar voru hvattir til að svara af samviskusemi og bent var á netföng og símanúmer rannsakenda ef einhverjar spurningar vöknuðu.

Þátttakendur voru þeir foreldrar sem áttu ólögráða framhaldsskólanema haustið 2015 og fengu spurningalista sendan frá framhaldsskóla barnsins síns. Til þess að áætla stærð úrtaks var óskað eftir upplýsingum frá þátttökuskólum um þann fjölda netfanga sem fékk listann sendann. Upplýsingar bárust frá þrettán skólum en jafnframt var fjöldi áætlaður út frá fjölda nýnemaplássa vorið 2015. Var sú tala margfölduð með tveimur til að áætla nemendafjölda fyrstu tveggja árganganna, sem ætla má að hafi að stórum hluta verið yngri en 18 ára haustið 2015 (17). Ætla má að þessar tölur séu ofmat þar sem ekki er ljóst hversu margir nemendur sem skrást í nám hætta, hversu mörg netföng eru virk eða hvert hlutfall nemenda yfir 18 ára aldri er við inntöku. Jafnframt var ljóst

út frá þeim upplýsingum sem okkur barst frá þátttökuskólum að oftast var sendur póstur á eitt netfang fyrir hvern nemanda en í nokkrum tilvikum voru netföng fleiri. Út frá þessu má áætla að úrtakið hafi verið um 7600 netföng. Alls opnuði 3.773 foreldrar listann sem jafngildir helmingi úrtaks, en um 3.501 svöruðu hluta listans en þar af luku 3.294 foreldrar öllum spurningum (87% þeirra sem opnuðu; sjá tölfu 2.1). Svarhlutfall var mjög breytilegt á milli þátttökuskóla en var hæst í þeim skólum sem eru með hefðbundið bekkjarkerfi en lægst í skólum með verknámsbrautir. Hugsanlegt er að það endurspegli breytilega aldurssamsetningu nemenda í þessum skólum sem þá myndi gefa til kynna hlutfallslega betri svörun en hér er áætluð.

**Tafla 2.1:** Úrtak og svörun

| | Fjöldi |
|---|---|
| Áætlað úrtak | 7608 |
| Opnuðu listann | 3773 |
| Svarendur | 3501 |
| Gild svör | 3294 |

## *2.2. Úrvinnsla gagna*

Niðurstöður eru settar fram með lýsandi tölfræði í töflum. Allar niðurstöður voru greindar eftir kyni þátttakenda þ.e. foreldra og þar sem greina mátti mun á milli kynja voru niðurstöður settar fram eftir kyni. Í kaflanum um samverustundir foreldra og ungmenna voru niðurstöður einnig greindar eftir búsetu þar sem búseta getur haft áhrif á tækifærin til samverustunda. Valmöguleikarnar veit ekki og vil ekki svara voru ekki birtir í töflum ef ≤ 1% þátttakenda notaði þann valmöguleika. Notast var við þátttökufjölda í samræmi við svörun á hverri spurningu.

Við tölfræðilega útreikninga var notað SPSS, útgáfa 22. Við samanburð á tíðnitölum var notað kí-kvaðrat próf þegar það var hægt (frelsisgráður eru ekki sýndar í skýrslunni). Ef fjöldi svara var minni en fimm í einhverjum flokki eða svarmöguleikar margir voru svör sameinuð fyrir samanburð (ekki sýnt í töflum). Marktæknimörk miðuð við $p<0.05$.

# 3. Niðurstöður

Í þessum kafla eru birtar niðurstöður úr öllum spurningum sem lagðar voru fyrir þátttakendur. Ýmist er gefið heildaryfirlit yfir svörun eða horft til kynjamunar og búsetu eftir því sem við á hverju sinni.

## *3.1. Þátttakendur*

Í töflu 3.1 má sjá fjölda þátttakenda eftir kyni og aldri. Meirihluti þátttakenda eða 75% voru konur og flestir þátttakendur voru á aldrinum 41 árs til 50 ára. Af öllum þátttakendum voru 97% frá Íslandi, 1% frá Evrópu utan Norðurlanda, 0,9% frá Norðurlöndum utan Íslands og 0,5% frá öðrum löndum. Meira en helmingur þátttakenda eða 58% hafði lokið háskólaprófi og 18% höfðu lokið stúdentsprófi eða öðru prófi á framhaldsskólastigi. Það voru 7% þátttakenda sem höfðu lokið sveinsprófi eða meistaraprófi í iðngrein og 3% tækniskólaprófi. Alls höfðu 10% þátttakenda lokið grunnskólaprófi, gagnfræðiprófi eða sambærilegu prófi. Um 4% sögðust hafa aðra menntun.

**Tafla 3.1.** Fjöldi þátttakenda eftir kyni og aldri.

| Aldur þátttakenda | | Karl n=832 | Kona n=2462 | Allir n=3294 |
|---|---|---|---|---|
| 35 ára eða yngri | Fjöldi | 5 | 58 | 63 |
| | % | 1 | 2 | 2 |
| 36 - 40 ára | Fjöldi | 62 | 393 | 455 |
| | % | 7 | 16 | 14 |
| 41 - 45 ára | Fjöldi | 218 | 787 | 1005 |
| | % | 26 | 32 | 31 |
| 46 - 50 ára | Fjöldi | 241 | 703 | 944 |
| | % | 29 | 29 | 29 |
| 51 - 55 ára | Fjöldi | 215 | 427 | 642 |
| | % | 26 | 17 | 19 |
| 56 ára eða eldri | Fjöldi | 91 | 94 | 185 |
| | % | 11 | 4 | 6 |

Í töflu 3.2 má sjá hlutfall þátttakenda eftir búsetu og samanburð við búsetu Íslendinga samkvæmt þjóðskrá. Meirihluti þátttakenda eða 60% voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu sem samsvarar nokkuð vel hlutfalli Íslendinga sem búa á höfuðborgarsvæðinu

**Tafla 3.2.** Samsvörun þátttakenda og þjóðskráar eftir búsetu (18).

| Landshlutar | % Þátttakenda | % Í þjóðskrá |
|---|---|---|
| Á höfuðborgarsvæðinu | 60 | 66 |
| Í þéttbýli á landsbyggðinni | 34 | 28 |
| Í dreifbýli | 6 | 6 |

Í töflu 3.3 má sjá kynjahlutfall og fæðingarár ungmennis þess foreldris sem svaraði spurningalistanum, þ.e. barnið sem spurningarnar áttu við. Þátttaka skiptist nokkuð jafnt milli foreldra beggja kynja þar sem 48% þátttakenda áttu unglingsdrengi og 51% unglingsstúlkur. Um 1% þátttakenda áttu fleira en eitt ólögráða ungmenni á framhaldsskólaaldri, ýmist tvíbura eða börn á sitthvoru árinu. Þótt lagt hafi verið upp með að senda listann aðeins á foreldra ungmenna úr árgöngum 1998 og 1999 tilgreindu 6% foreldra að þeir ættu ungmenni í árgöngunum sitthvorum meginn við markhópinn.

**Tafla 3.3.** Kynjahlutfall og fæðingarár ungmennis.

| Fæðingarár ungmennis | | Drengur n=1590 | Stúlka n=1672 | Allir n=3294 |
|---|---|---|---|---|
| 2000 | Fjöldi | 24 | 32 | 57 |
| | % | 2 | 2 | 2 |
| 1999 | Fjöldi | 828 | 881 | 1726 |
| | % | 52 | 53 | 52 |
| 1998 | Fjöldi | 672 | 684 | 1368 |
| | % | 42 | 41 | 42 |
| 1997 | Fjöldi | 66 | 75 | 143 |
| | % | 4 | 4 | 4 |

Í töflu 3.4 má sjá hvort ungmenni var búsett hjá þátttakanda og hvort ungmennið þurfti að flytja að heiman eða ekki til þess að fara í framhaldsskóla. Mikill meirihluti þátttakenda eða 86% áttu ungmenni sem var búsett hjá þeim öllum stundum. Um 4% þátttakenda merkti að búsetuform væri annað og 1% svaraði að ungmenni byggi ekki hjá sér (n=43). Af þeim voru 71% sem tilgreindu að ungmenni þeirra ætti heima á heimavist eða byggi ekki heima yfir skólatíma og 13% tilgreindu að ungmenni þeirra byggi hjá ættingjum eða vinum yfir skólatíma.

Þegar spurt var hvort ungmenni hafi þurft að flytja að heiman til að fara í framhaldsskóla svöruðu 9% þátttakenda að ungmenni þeirra hafi þurft að flytja að heiman til að fara í framhaldsskóla. Rúmlega helmingur (54%) þátttakenda sem búsettir voru í dreifbýli og 13% þeirra sem voru búsettir í þéttbýli á landsbyggðinni sögðu að ungmenni þeirra hefði þurft að flytja að heiman til þess að fara í framhaldsskóla.

**Tafla 3.4.** Búseta ungmennis og flutningur að heiman eftir búsetu.

| Spurningar: | Já, alltaf n(%) | Já, en meira en helming tímans n(%) | Já, aðra hverja viku n(%) | Já, en minna en helming tímans n(%) |
|---|---|---|---|---|
| Býr unglingurinn þinn hjá þér? | 2830(86) | 147(5) | 76(2) | 60(2) |
| Þurfti unglingurinn þinn að flytja að heiman? | Alls n(%) | Á höfuðborgarsvæðinu n(%) | Í þéttbýli á landsbyggðinni n(%) | Í dreifbýli n(%) |
| Já | 283(9) | 25(1) | 147(13) | 111(54) |
| Nei | 3011(91) | 1959(99) | 956(87) | 96(46) |

## *3.2. Samvera og tengsl*

Niðurstöður í þessum hluta snúa að samverustundum foreldra og ungmenna þeirra. Meðal annars verður hér horft til þess hvort ungmennið hafi flutt að heiman til að fara í framhaldsskóla þar sem það getur haft áhrif á tækifæri til samverustunda. Búseta getur einnig haft áhrif á tækifæri til þess að stunda vissa afþreyingu þar sem aðgengi getur verið takmarkað eða ekki til staðar. Þar sem það á við eru niðurstöður einnig greindar eftir kyni foreldris.

Í töflu 3.5 eru tvær algengustu samverustundir ungmenna og foreldra; sameiginlegur kvöldverður og spjall um heima og geima eða allt og ekkert eins og það er orðað í spurningunni. Alls áttu 92% foreldra og ungmenna sameiginlegar máltíðir flesta eða alla daga vikunnar en eins og búast mátti við voru sameiginlegar máltíðir færri ef ungmennið bjó ekki heima samanborið við svörun þeirra foreldra sem bjuggu með ungmenninu (60% á móti 94%). Tæplega helmingur foreldra (49%) sagðist spjalla við unglinginn sinn alla daga vikunnar. Spjallið fékk meira rými þar sem ungmenni hafði ekki þurft að flytja að heiman en ef ungmenni hafði þurft að flytja að heiman til að fara í framhaldsskóla (52% á móti 25% merktu við alla daga vikunnar) auk þess sem konur voru duglegri að tala við ungmenni sín en karlar, þar sem 55% kvenna en 34% karla merktu við að spjallað væri saman alla daga vikunnar.

**Tafla 3.5** Samverustundir og tengsl foreldra við ungmenni skipt eftir kyni og búsetu.

| | | Alla daga vikunnar | Flesta daga vikunnar | 1x í viku | 2-3x í mánuði | Mánaðar-lega | Sjaldnar en mánaðarlega | Aldrei | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hversu oft borðar þú kvöldverð með unglingnum þínum?** | Allir | 30% | 62% | 5% | 2% | 0% | 1% | 0% | 3477 |
| | Karl | 28% | 62% | 6% | 3% | 1% | 1% | 0% | 829 |
| | Kona | 31% | 62% | 5% | 2% | 0% | 1% | 0% | 2445 |
| | Býr ekki heima | 15% | 45% | 24% | 12% | 2% | 2% | 0% | 268 |
| | Býr heima | 31% | 63% | 3% | 1% | 0% | 0% | 0% | 3006 |
| Hversu oft spjallar þú við unglinginn þinn um allt og ekkert?** | Allir | 49% | 42% | 5% | 3% | 1% | 1% | 0% | 3493 |
| | Karl | 34% | 49% | 8% | 6% | 2% | 1% | 0% | 829 |
| | Kona | 55% | 39% | 4% | 1% | 0% | 0% | 0% | 2459 |
| | Býr ekki heima | 25% | 50% | 17% | 6% | 1% | 1% | 0% | 281 |
| | Býr heima | 52% | 41% | 4% | 2% | 1% | 0% | 0% | 3007 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.
*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra
**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

Í töflum 3.6-3.7 má sjá að algengustu samverustundirnar voru sjónvarpsáhorf og bíltúrar en alls sögðust 65% svarenda horfa á sjónvarp vikulega eða oftar með ungmenni sínu og 80% fóru í bíltúra, sem geta verið styttri eða lengri ferðir eða skutl, jafn oft. Ekki var kynjamunur á þessum tveimur tegundum samverustunda en bíltúrar voru ekki jafn almennir hjá þeim sem ekki bjuggu heima, þar sem 61% þeirra sem áttu ungmenni sem ekki bjuggu heima fóru í bíltúra vikulega eða oftar á móti 82% þeirra sem bjuggu með ungmennunum. Aðrar samverustundir sem er nokkuð algengt að séu að minnsta kosti vikulegar voru sameiginleg skoðun efnis á internetinu (39%). Athygli vekur að konur eru líklegri til að skoða efni á internetinu með ungmennum sínum en karlar, þar sem 43% kvenna merkja við vikulega eða oftar á móti 30% karla og jafnframt var mikill munur eftir búsetu þar sem 41% þeirra sem bjuggum eð ungmennunum á móti 25% þeirra sem áttu ungmenni sem voru flutt að heiman vegna skólagöngu sögðust skoða saman efni á internetinu vikulega eða oftar. Hins vegar var mjög sjaldgæft að tölvuleikir væru spilaðir saman þar sem 78% sagðist aldrei spila slíka leiki með ungmenni sínu og þar var ekki munur eftir búsetu. Hins vegar mátti sjá að karlar voru líklegri til að spila tölvuleiki en konur þar sem 82% kvenna sögðust aldrei spila leiki með ungmennunum á móti 67% karla.

Af öðrum samverustundum mátti sjá að 61% foreldra sagðist fara í bíó eða leikhús með ungmenni sínu að minnsta kosti nokkrum sinnum á ári og 89% sögðust fara saman í ferðalög nokkrum sinnum á ári eða oftar. Langflestir (95%) sögðust fara að minnsta kosti nokkrum sinnum ári á kaffihús eða veitingastaði með ungmenni sínu og 46% tilgreindu að slíkir staðir væri sóttir að minnsta kosti mánaðarlega. Þá voru sameiginlegar heimsóknir til ættingja eða vina stundaðar að minnsta kosti mánaðarlega af 66% þátttakenda. Slíka heimsóknir voru algengari hjá konum en körlum (68% á móti 63%) og frekar stundaðar hjá fjölskyldum sem áttu ungmenni sem bjuggu heima (67% á móti 56%). Ekki var algengt að foreldrar stunduðu hreyfingu með ungmennum sínum. Um 45% allra foreldra sögðust hreyfa sig nokkrum sinnum á ári með ungmenni sínu en

36% að minnsta kosti mánaðarlega. Algengara var að konur hreyfðu sig að minnsta kosti mánaðarleg með ungmenninu en karlar (38% á móti 31%) og hreyfing var algengari valkostur samverustundar hjá þeim sem bjuggu ekki með ungmenninu samanborið við þá sem áttu ungmenni sem bjuggu heima (41% á móti 36% merkja við mánaðlega eða oftar).

**Tafla 3.6** Samverustundir og tengsl foreldra við ungmenni skipt eftir kyni foreldris.

| | | Vikulega eða oftar | Hálfsmán-aðarlega | 1x í mánuði | Nokkrum sinnum á | 1x ári eða sjaldnar | Aldrei | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hversu oft horfir þú á sjónvarp með unglingnum þínum? | Karl | 65% | 14% | 9% | 11% | 1% | 1% | 822 |
| | Kona | 66% | 15% | 8% | 8% | 1% | 2% | 2438 |
| | Allir | 65% | 15% | 9% | 9% | 1% | 2% | 3466 |
| Hversu oft ferðu í bíó/leikhús með unglingnum þínum?* | Karl | 0% | 2% | 8% | 51% | 34% | 5% | 826 |
| | Kona | 0% | 2% | 7% | 54% | 33% | 5% | 2435 |
| | Allir | 0% | 2% | 7% | 52% | 33% | 5% | 3465 |
| Hversu oft stundar þú einhverja hreyfingu með unglingnum þínum?* | Karl | 10% | 8% | 13% | 46% | 11% | 11% | 823 |
| | Kona | 12% | 10% | 16% | 45% | 9% | 9% | 2419 |
| | Allir | 12% | 9% | 15% | 45% | 10% | 10% | 3443 |
| Hversu oft spilar þú tölvuleiki með unglingnum þínum?** | Karl | 1% | 2% | 3% | 15% | 13% | 67% | 828 |
| | Kona | 1% | 0% | 1% | 7% | 9% | 82% | 2445 |
| | Allir | 1% | 1% | 1% | 9% | 10% | 78% | 3476 |
| Hversu oft skoðar þú efni á internetinu með unglingnum þínum?** | Karl | 30% | 15% | 15% | 27% | 6% | 7% | 826 |
| | Kona | 43% | 16% | 16% | 20% | 3% | 3% | 2420 |
| | Allir | 39% | 15% | 15% | 22% | 4% | 4% | 3446 |
| Hversu oft ferðu í ferðalag með unglingnum þínum? | Karl | 1% | 2% | 6% | 79% | 11% | 0% | 827 |
| | Kona | 0% | 2% | 7% | 79% | 11% | 1% | 2455 |
| | Allir | 1% | 2% | 7% | 79% | 11% | 1% | 3487 |
| Hversu oft ferðu í bíltúr með unglignum þínum? | Karl | 78% | 11% | 5% | 6% | 0% | 0% | 830 |
| | Kona | 81% | 9% | 4% | 4% | 0% | 0% | 2448 |
| | Allir | 80% | 9% | 5% | 5% | 0% | 1% | 3483 |
| Hversu oft ferðu á kaffihús/veitingastaði með unglingnum þínum?* | Karl | 4% | 13% | 25% | 52% | 5% | 2% | 830 |
| | Kona | 5% | 15% | 28% | 48% | 3% | 1% | 2443 |
| | Allir | 5% | 14% | 27% | 49% | 4% | 2% | 3477 |
| Hversu oft ferðu í heimsóknir til ættingja og vina með unglingnum þínum?** | Karl | 14% | 23% | 26% | 36% | 2% | 0% | 826 |
| | Kona | 15% | 25% | 28% | 31% | 1% | 0% | 2443 |
| | Allir | 15% | 24% | 27% | 32% | 1% | 0% | 3473 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.
*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra
**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

**Tafla 3.7** Samverustundir og tengsl foreldra við ungmenni skipt eftir búsetu ungmennis.

| | | Vikulega eða oftar | Hálfsmán-aðarlega | 1x í mánuði | Nokkrum sinnum á | 1x ári eða sjaldnar | Aldrei | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hversu oft horfir þú á sjónvarp með unglingnum þínum? | Býr ekki heima | 63% | 16% | 8% | 11% | 0% | 2% | 275 |
| | Býr heima | 66% | 15% | 9% | 8% | 1% | 2% | 2985 |
| | Allir | 65% | 15% | 9% | 9% | 1% | 2% | 3466 |
| Hversu oft ferðu í bíó/leikhús með unglingnum þínum? | Býr ekki heima | 0% | 1% | 5% | 44% | 43% | 7% | 276 |
| | Býr heima | 0% | 2% | 7% | 54% | 32% | 5% | 2985 |
| | Allir | 0% | 2% | 7% | 52% | 33% | 5% | 3465 |
| Hversu oft stundar þú einhverja hreyfingu með unglingnum þínum?* | Býr ekki heima | 13% | 11% | 17% | 40% | 11% | 8% | 273 |
| | Býr heima | 12% | 9% | 15% | 46% | 9% | 9% | 2969 |
| | Allir | 12% | 9% | 15% | 45% | 10% | 10% | 3443 |
| Hversu oft spilar þú tölvuleiki með unglingnum þínum? | Býr ekki heima | 0% | 1% | 1% | 9% | 7% | 81% | 282 |
| | Býr heima | 1% | 1% | 1% | 9% | 11% | 78% | 2991 |
| | Allir | 1% | 1% | 1% | 9% | 10% | 78% | 3476 |
| Hversu oft skoðar þú efni á internetinu með unglingnum þínum?** | Býr ekki heima | 25% | 15% | 18% | 34% | 5% | 3% | 273 |
| | Býr heima | 41% | 15% | 15% | 21% | 3% | 4% | 2973 |
| | Allir | 39% | 15% | 15% | 22% | 4% | 4% | 3446 |
| Hversu oft ferðu í ferðalag með unglingnum þínum? | Býr ekki heima | 1% | 2% | 6% | 76% | 14% | 0% | 281 |
| | Býr heima | 0% | 2% | 7% | 80% | 11% | 1% | 3001 |
| | Allir | 1% | 2% | 7% | 79% | 11% | 1% | 3487 |
| Hversu oft ferðu í bíltúr með unglignum þínum?** | Býr ekki heima | 61% | 18% | 8% | 13% | 0% | 0% | 278 |
| | Býr heima | 82% | 8% | 4% | 4% | 0% | 1% | 3000 |
| | Allir | 80% | 9% | 5% | 5% | 0% | 1% | 3483 |
| Hversu oft ferðu á kaffihús/veitingastaði með unglingnum þínum?** | Býr ekki heima | 6% | 11% | 24% | 54% | 4% | 1% | 278 |
| | Býr heima | 5% | 15% | 28% | 48% | 3% | 1% | 2995 |
| | Allir | 5% | 14% | 27% | 49% | 4% | 2% | 3477 |
| Hversu oft ferðu í heimsóknir til ættingja og vina með unglingnum þínum?** | Býr ekki heima | 13% | 22% | 21% | 41% | 2% | 0% | 278 |
| | Býr heima | 15% | 24% | 28% | 31% | 1% | 0% | 2991 |
| | Allir | 15% | 24% | 27% | 32% | 1% | 0% | 3473 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.

*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

## *3.3. Samskipti og reglur*

Í þessum kafla eru birtar niðurstöður er varða samskipti foreldra við ungmenni, hvort foreldrar setja ákveðnar reglur og hvort foreldrar telja að ungmenni þeirra fari almennt eftir þeim reglum sem settar eru.

Í töflu 3.8 má sjá að þrír af hverjum fjórum foreldrum (76%) töldu sig eiga mjög auðvelt með að sýna ungmenni sínu umhyggju og hlýju. Munur var á svörun eftir kyni foreldris, þar sem konur töldu sig eiga auðveldara en karlar með að sýna ungmenni sínu hlýju (81% á móti 63%). Þá töldu 56% foreldra sig eiga mjög auðvelt með að tala um persónuleg málefni við ungmenni sitt. Munur var þar einnig á svörun eftir kyni foreldris, þar sem konur töldu sig eiga auðveldara en karlar með að tala um persónuleg málefni við ungmenni sitt (62% á móti 40%, $p < .01$). Alls töldu 90% foreldra sig eiga mjög eða frekar auðvelt með að aðstoða ungmenni sitt við ýmis viðfangsefni og var það óháð kyni foreldris.

**Tafla 3.8** Tengsl foreldra og ungmennis skipt eftir kyni foreldris.

| | | Mjög auðvelt | Frekar auðvelt | Frekar erfitt | Mjög erfitt | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hversu auðvelt/erfitt áttu með að sýna unglingnum þínum umhyggju og hlýju?** | Karl | 63% | 32% | 4% | 0% | 827 |
| | Kona | 81% | 17% | 2% | 0% | 2452 |
| | Allir | 76% | 21% | 2% | 0% | 3388 |
| Hversu auðvelt/erfitt áttu með að tala um persónuleg málefni við unglinginn þinn?** | Karl | 40% | 49% | 10% | 1% | 818 |
| | Kona | 62% | 34% | 4% | 0% | 2442 |
| | Allir | 56% | 38% | 5% | 1% | 3369 |
| Hversu auðvelt/erfitt áttu með að aðstoða unglinginn við ýmis viðfangsefni hans? | Karl | 40% | 50% | 10% | 1% | 818 |
| | Kona | 45% | 46% | 8% | 1% | 2429 |
| | Allir | 43% | 47% | 8% | 1% | 3356 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.
*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra
**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

### *3.2.1 Uppeldi og forvarnir*

Í töflu 3.9 má sjá að 85% foreldra sögðu að fullyrðingin um að þau setji unglingnum sínum reglur um hvað hann megi gera utan heimilis ætti mjög eða frekar vel við um þá og sömuleiðis svöruðu 82% fullyrðingunni um að þau settu unglingnum sínum ákveðnar reglur um hvenær hann ætti að vera kominn heim á kvöldin á sama hátt. Fáir sögðust ekki setja reglur um þessa tvo þætti, en þó var kynjamunur þar á þar sem 11% karla og 7% kvenna settu ekki reglur um hvað megi gera utan heimilis og 13% karla en 9% kvenna settu ekki útivistarreglur.

**Tafla 3.9** Reglur um hegðun utan heimilis og útivistartíma ungmennis skipt eftir kyni foreldris.

| | | Ég set ekki slíkar reglur | Á mjög vel við um mig | Á frekar vel við um mig | Á frekar illa við um mig | Á mjög illa við um mig | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ég set unglingnum mínum ákveðnar reglur um hvað hann má gera utan heimilis.** | Karl | 11% | 32% | 45% | 10% | 2% | 817 |
| | Kona | 7% | 48% | 40% | 5% | 1% | 2404 |
| | Allir | 8% | 44% | 41% | 6% | 1% | 3328 |
| Ég set unglingnum mínum ákveðnar reglur um hvenær hann á að vera kominn heim á kvöldin.** | Karl | 13% | 40% | 35% | 10% | 2% | 821 |
| | Kona | 9% | 53% | 31% | 6% | 1% | 2430 |
| | Allir | 10% | 50% | 32% | 7% | 1% | 3358 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.
*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra
**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

Í töflu 3.10 má sjá að 86% foreldra sögðu að það ætti mjög eða frekar vel við að þau leggðu áherslu á þátttöku ungmennis í tómstunda- og íþróttastarfi. Alls sögðu 68% foreldra að það ætti mjög eða frekar vel við að þau hefðu kynnt sér forvarnarstefnuna í framhaldsskóla unglingsins en munur var á svörun eftir kyni foreldris, þar sem konur töldu sig hafa kynnt sér stefnuna vel eða frekar vel í 73% tilvika á móti 55% karlanna.

Flestir(88%) töldu sig jafnframt fá nægar upplýsingar/fræðslu um forvarnir í áfengis-og vímuvörnum. Það var svo helmingur foreldra sem sagðist þekkja til SAMAN-hópsins, en kynjamunur þar á var mikill þar sem 58% kvenna sögðu að fullyrðingin að þær þekktu til starfa SAMAN hópsins ætti mjög eða frekar vel við sig á móti 27% karla.

**Tafla 3.10** Þátttaka og forvarnir skipt eftir kyni foreldris.

| | | Á mjög vel við um mig | Á frekar vel við um mig | Á frekar illa við um mig | Á mjög illa við um mig | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ég legg áherslu á þátttöku unglingsins í skipulögðu tómstunda- og íþróttastarfi. | Karl | 50% | 35% | 11% | 4% | 812 |
| | Kona | 53% | 34% | 10% | 4% | 2376 |
| | Allir | 52% | 34% | 10% | 4% | 3295 |
| Ég hef kynnt mér forvarnarstefnu í framhaldsskóla unglingsins míns.** | Karl | 14% | 41% | 25% | 20% | 800 |
| | Kona | 29% | 44% | 19% | 9% | 2333 |
| | Allir | 25% | 43% | 20% | 11% | 3232 |
| Ég tel mig fá nægar upplýsingar/fræðslu um forvarnir í áfengis-og vímuvörnum.** | Karl | 30% | 55% | 11% | 4% | 766 |
| | Kona | 38% | 51% | 9% | 2% | 2276 |
| | Allir | 36% | 52% | 9% | 3% | 3140 |
| Ég þekki til starfa SAMAN-hópsins.** | Karl | 3% | 23% | 33% | 41% | 721 |
| | Kona | 14% | 44% | 25% | 17% | 2176 |
| | Allir | 12% | 38% | 27% | 23% | 2979 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.
*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra
**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

Í töflu 3.11 má sjá að 92% foreldra sögðust þekkja flesta eða alla vini/vinkonur unglingsins síns. Munur var eftir kyni foreldris, þar sem konur sögðust frekar þekkja flesta eða alla vini/vinkonur ungmennis en karlar (94% á móti 87%). Ennfremur voru konur líklegri til að þekkja alla eða flesta foreldra vina/vinkvenna unglingsins síns en karlar(67% á móti 54%).

**Tafla 3.11** Þekkir foreldri vini/vinkonur ungmennis? Skipt eftir kyni foreldris.

| | | Ég þekki alla | Ég þekki flesta | Ég þekki fáa | Ég þekki enga | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ég þekki vini/vinkonur unglingsins míns.** | Karl | 12% | 75% | 13% | 0% | 828 |
| | Kona | 17% | 77% | 6% | 0% | 2445 |
| | Allir | 16% | 76% | 8% | 0% | 3382 |
| Ég þekki foreldra vina/vinkvenna unglingsins míns.** | Karl | 4% | 50% | 42% | 5% | 824 |
| | Kona | 5% | 62% | 30% | 2% | 2439 |
| | Allir | 5% | 59% | 33% | 3% | 3369 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.
*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra
**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

### *3.2.2 Aðhald og eftirlit*

Í töflu 3.12 má sjá að meirihluti foreldra (62%) sagðist alltaf fylgjast með því með hverjum unglingurinn þeirra væri með á kvöldin og um helgar. Algengara var að konur fylgdust alltaf með hverjum ungmenni þeirra væri með á kvöldin samanborið við karla (69% á móti 43%). Meirihluti foreldra (73%) sagðist alltaf fylgjast með því hvar ungmenni þeirra væri á kvöldin og um helgar, en konur voru líklegri en karlar til að segjast alltaf fylgjast með því (78% á móti 59%).

Mikill meirihluti foreldra (90%) sagðist aldrei leyfa ungmenni sínu að halda eftirlitslausar veislur og þrír af hverjum fjórum foreldrum (75%) sögðust aldrei leyfa ungmenni að fara í eftirlitslausar sumarbústaðaferðir eða útilegur. Munur var eftir kyni foreldris, þar sem karlar sögðust oftar en konur alltaf eða oftast leyfa ungmenni að fara í eftirlitslausar sumarbústaðaferðir eða útilegur (7% á móti 4%). Konur sögðust líka oftar en karlar kanna hvort fullorðinn einstaklingur væri á staðnum ef ungmenni þeirra færi í partý (62% á móti 57% merktu við oftast eða alltaf). Þá sögðust 37% foreldra alltaf sækja ungmennið sitt að loknum skólaskemmtunum en hafa ber í huga að álíka hátt hlutfall (35%) svaraði stundum eða aldrei.

**Tafla 3.12** Eftirfylgni foreldra skipt eftir kyni foreldris.

| | | Alltaf | Oftast | Stundum | Aldrei | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ég fylgist með því með hverjum unglingurinn minn er með á kvöldin/um helgar.** | Karl | 43% | 44% | 11% | 2% | 827 |
| | Kona | 69% | 28% | 2% | 0% | 2452 |
| | Allir | 62% | 33% | 5% | 1% | 3388 |
| Ég fylgist með því hvar unglingurinn minn er á kvöldin/um helgar.** | Karl | 59% | 36% | 5% | 0% | 829 |
| | Kona | 78% | 20% | 2% | 0% | 2454 |
| | Allir | 73% | 24% | 3% | 0% | 3393 |
| Ég leyfi unglingnum mínum að halda eftirlitslaus partý/veislur. | Karl | 0% | 1% | 13% | 86% | 820 |
| | Kona | 1% | 1% | 7% | 92% | 2432 |
| | Allir | 1% | 1% | 8% | 90% | 3359 |
| Ég leyfi unglingnum mínum að fara í sumarbústaðaferðir/útilegur, þar sem enginn fullorðinn er með í för.** | Karl | 3% | 4% | 22% | 71% | 804 |
| | Kona | 2% | 2% | 20% | 77% | 2366 |
| | Allir | 2% | 3% | 20% | 75% | 3275 |
| Ég kanna hvort fullorðinn einstaklingur sé á staðnum ef unglingurinn minn er að fara í partý.** | Karl | 31% | 26% | 23% | 20% | 791 |
| | Kona | 37% | 25% | 23% | 15% | 2338 |
| | Allir | 35% | 26% | 23% | 16% | 3229 |
| Ég sæki unglinginn minn að loknum skólaskemmtunum.** | Karl | 30% | 30% | 29% | 11% | 817 |
| | Kona | 40% | 27% | 23% | 10% | 2404 |
| | Allir | 37% | 28% | 25% | 10% | 3328 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.

*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

### *3.2.3 Upplifun foreldra á því hvort ungmennið farið eftir reglum*

Í töflu 3.13 má sjá að nær allir foreldrar (98%) sem tóku afstöðu töldu ungmennið fara eftir reglum um útivistartíma. Alls sögðu 73% foreldra að ungmennið þeirra stundaði skipulagða hreyfingu og helmingur foreldra sagði unglinginn sinn stunda skipulagðar tómstundir. Meirihluti foreldra (80%) sagði að ungmenni þeirra hefði ekki farið í eftirlitslausar sumarbústaðarferðir eða útilegur og 93% foreldra svöruðu neitandi að ungmennið hefði farið á útihátíð. Þó var kynjamunur á þessum upplifunum þar sem karlar voru líklegri til að telja ungmennin sín hafa farið í eftirlitslausar ferðir af einhverju tagi. Helmingur foreldra svaraði játandi (50%) og jafnhátt hlutfall neitandi (50%) hvort ungmennið þeirra hefði farið í eftirlitslaus partý, en mun færri sögðu að ungmenni þeirra hefðu sótt bjórkvöld eða farið í salarpartý og fáir töldu að lögreglan hefði einhvern tímann þurft að hafa afskipti af þeirra ungmenni.

**Tafla 3.13** Viðhorf foreldra til ungmenna skipt eftir kyni foreldris.

| | | Já | Nei | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|
| Ungmennið fer almennt eftir þeim reglum sem ég set honum um útivistartímar.* | Karl | 97% | 3% | 801 |
| | Kona | 98% | 2% | 2411 |
| | Allir | 98% | 2% | 3304 |
| Ungmennið stundar skipulagða hreyfingu, svo sem íþróttir eða líkamsrækt fyrir utan skólann. | Karl | 74% | 26% | 828 |
| | Kona | 73% | 27% | 2444 |
| | Allir | 73% | 27% | 3364 |
| Ungmennið stundar skipulagðar tómstundir, aðrar en íþróttir, fyrir utan skóla. | Karl | 53% | 47% | 811 |
| | Kona | 49% | 51% | 2437 |
| | Allir | 50% | 50% | 3341 |
| Ungmennið hefur farið í sumarbústað/útilegu án fylgdar fullorðins.* | Karl | 22% | 78% | 818 |
| | Kona | 19% | 81% | 2450 |
| | Allir | 20% | 80% | 3361 |
| Ungmennið hefur sótt útihátíð í annað bæjarfélag án fylgdar fullorðins.* | Karl | 9% | 91% | 828 |
| | Kona | 7% | 93% | 2455 |
| | Allir | 7% | 93% | 3377 |
| Ungmennið hefur farið í partý þar sem engin fullorðinn er viðstaddur. | Karl | 52% | 48% | 686 |
| | Kona | 50% | 50% | 2112 |
| | Allir | 50% | 50% | 2881 |
| Ungmennið hefur sótt bjórkvöld á vegum skólans/nemendafélags á vínveitingastað. | Karl | 15% | 85% | 785 |
| | Kona | 16% | 84% | 2365 |
| | Allir | 16% | 84% | 3239 |
| Ungmennið hefur farið í salarpartý (félög innan skólans leigja sal þar sem áfengi er veitt/selt). | Karl | 15% | 85% | 742 |
| | Kona | 12% | 88% | 2306 |
| | Allir | 13% | 87% | 3133 |
| Lögreglan hefur þurft að hafa afskipti af ungmenninu. | Karl | 4% | 96% | 823 |
| | Kona | 3% | 97% | 2448 |
| | Allir | 3% | 97% | 3363 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.

*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

## 3.4. Viðhorf til áfengisneyslu og afstaða til áfengisdrykkju og -kaupa

Í þessum kafla eru birtar niðurstöður er varða viðhorf foreldra til áfengisneyslu ungmenna auk þess eru birtar niðurstöður tengt afstöðu foreldra til áfengisdrykkju og áfengiskaupa.

### *3.4.1 Neysla ungmennis*

Í töflu 3.14 má sjá mat foreldra á því hve oft, ef nokkurn tímann, þeir töldu að ungmenni þeirra hafi neytt áfengis eða annarra vímuefna. Mikill meirihluti foreldra(95-100%) sagði að ungmenni þeirra hafði aldrei reykt tóbak, notað munntóbak eða tekið í vör, notað stera, prófað kannabisefni eða önnur vímuefni. Meirihluti foreldra sagði jafnframt að ungmenni þeirra hefði aldrei drukkið áfengi(73%) eða orðið ölvað(86%). Ekki var munur á svörun eftir kyni foreldris.

**Tafla 3.14** Mat foreldra á því hve oft, ef nokkurn tímann, þeir töldu að ungmenni hafi neytt áfengis eða annarra vímuefna eftir kyni foreldris.

| Spurningar | | Aldrei | Nokkrum sinnum | Oft | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykt tóbak/sígarettur | Karl | 96% | 4% | 1% | 809 |
| | Kona | 95% | 4% | 2% | 2420 |
| | Allir | 95% | 4% | 1% | 3315 |
| Notað munntóbak eða tekið í vör | Karl | 96% | 3% | 1% | 817 |
| | Kona | 96% | 3% | 1% | 2420 |
| | Allir | 96% | 3% | 1% | 3324 |
| Drukkið áfengi (bjór, léttvín eða sterkt áfengi) | Karl | 75% | 22% | 2% | 790 |
| | Kona | 73% | 24% | 3% | 2380 |
| | Allir | 73% | 24% | 3% | 3255 |
| Orðið ölvaður | Karl | 87% | 12% | 1% | 791 |
| | Kona | 86% | 13% | 1% | 2353 |
| | Allir | 86% | 13% | 1% | 3223 |
| Notað stera | Karl | 100% | 0% | 0% | 826 |
| | Kona | 100% | 0% | 0% | 2446 |
| | Allir | 100% | 0% | 0% | 3361 |
| Prófað kannabisefni | Karl | 97% | 2% | 1% | 796 |
| | Kona | 98% | 2% | 0% | 2407 |
| | Allir | 98% | 2% | 0% | 3289 |
| Prófað önnur vímuefni | Karl | 99% | 1% | 0% | 797 |
| | Kona | 100% | 0% | 0% | 2407 |
| | Allir | 99% | 0% | 0% | 3289 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.

*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

Foreldrar voru spurðir hvað ungmennið þeirra var gamalt þegar það varð fyrst ölvað og voru 12% foreldra (n=453) sem sögðu að ungmenni þeirra hefði einhvern tímann orðið ölvað. Af þeim voru 11% sem sögðu að ungmennið hefði fyrst orðið ölvað 15 ára, 44% við 16 ára aldur og 38% við 17 ára aldur. Afar fáir nefndu lægri aldur (5%). Af þeim foreldrum sem áttu ungmenni sem hafði orðið ölvað einhvern tímann sögðu 39% að það hefði aldrei orðið ölvað síðustu 30 daga á móti 40% sem sögðu að ungmenni þeirra hefði orðið einu sinni ölvað síðustu 30 daga og 15% sem sögðu að það hefði orðið tvisvar til þrisvar sinnum ölvað síðustu 30 daga. Um 2% foreldra sögðu að ungmenni þeirra hefði orðið ölvað fjórum sinnum eða oftar síðustu 30 daga og 4% foreldra vissu ekki hvort eða þá hve oft ungmenni þeirra hefði orðið ölvað. Alls sögðust 93% foreldra aldrei hafa boðið ungmenni sínu áfengi og svotil sama hlutfall (94%) sagðist ekki hafa keypt áfengi handa ungmenni sínu. Þótt fáir keyptu áfengi fyrir ungmenni sín voru konur líklegri til þess en karlar (7% á móti 4%, p<0.01).

### *3.3.2 Viðhorf foreldra til áfengis-og vímuefnaneyslu ungmennis*

Í töflu 3.15 má sjá að hlutfall foreldra eftir kyni og hvort þau myndu vilja fá að vita ef ungmenni þeirra væri að neyta vímuefna. Mikill meirihluti foreldra sagðist vilja fá að vita ef ungmenni þeirra prófaði að reykja, drekka áfengi eða taka stera. Hlutföllin voru aðeins lægri fyrir kannabisefni og að prófa önnur ólögleg vímuefni.

**Tafla 3.15** Hlutfall foreldra skipt eftir kyni sem sögðust vilja fá að vita ef ungmenni þeirra neytti eða prófaði eftirfarandi vímuefni.

| | Karl | Kona | Allir |
|---|---|---|---|
| Reykja** | 95% | 97% | 96% |
| Drekka áfengi** | 94% | 96% | 96% |
| Taka stera | 94% | 95% | 95% |
| Prófa kannabisefni (hass/gras)* | 86% | 90% | 89% |
| Prófa önnur ólögleg vímuefni* | 80% | 86% | 85% |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.

*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

Í töflu 3.16 má sjá að langflestir foreldrar (89%) sögðust vera frekar eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu að þeir samþykktu að ungmenni þeirra neytti áfengis. Munur var eftir kyni foreldris, þar sem karlar sögðust frekar en konur vera mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að þeir samþykktu að unglingurinn þeirra neytti áfengis (16% á móti 9%). Nánast allir foreldrar (98%) voru ósamþykkir því að ungmenni þeirra neytti annarra vímuefna en áfengis. Þá voru 75% foreldra mjög eða frekar ósammála þeirri fullyrðingu að þeir foreldrar sem kaupa áfengi fyrir ungmenni geti betur fylgst með áfengisneyslu

þeirra. Mikill meirihluti foreldra treystir sér til þess að eiga samræðu við ungmenni sitt um áfengi, kannabisefni eða önnur vímuefni (98-99%).

**Tafla 3.16** Viðhorf til áfengisneyslu skipt eftir kyni foreldris.

| | | Mjög sammála | Frekar sammála | Frekar ósammála | Mjög ósammála | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ég samþykki að unglingurinn minn neyti áfengis.** | Karl | 3% | 13% | 24% | 60% | 810 |
| | Kona | 1% | 8% | 20% | 71% | 2411 |
| | Allir | 2% | 9% | 21% | 68% | 3261 |
| Ég samþykki að unglingurinn minn neyti annarra vímuefna en áfengis.** | Karl | 3% | 0% | 3% | 94% | 829 |
| | Kona | 1% | 0% | 1% | 97% | 2451 |
| | Allir | 2% | 0% | 2% | 97% | 3324 |
| Ég tel að foreldrar sem kaupa áfengi fyrir unglingana sína geti betur fylgst með áfengisneyslu þeirra.* | Karl | 8% | 20% | 25% | 47% | 735 |
| | Kona | 7% | 17% | 20% | 55% | 2133 |
| | Allir | 8% | 18% | 22% | 53% | 2903 |
| Ég treysti mér til að eiga samræður við unglinginn minn um kannabisefni(hass/gras(marijúana)) | Karl | 92% | 6% | 1% | 1% | 825 |
| | Kona | 94% | 5% | 0% | 1% | 2444 |
| | Allir | 93% | 5% | 1% | 1% | 3314 |
| Ég treysti mér til að eiga samræður við unglinginn minn um önnur vímuefni. | Karl | 92% | 6% | 1% | 1% | 823 |
| | Kona | 93% | 5% | 0% | 1% | 2441 |
| | Allir | 93% | 5% | 1% | 1% | 3308 |
| Ég treysti mér til að eiga samræður við unglinginn minn um áfengi. | Karl | 92% | 6% | 0% | 1% | 829 |
| | Kona | 95% | 3% | 0% | 1% | 2460 |
| | Allir | 95% | 4% | 0% | 1% | 3334 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.

*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldra

Tafla 3.17 sýnir að algengast var að foreldrar sögðust neyta áfengis með mat hvort sem það var í matarboðum eða með helgar- eða sparimat. Af þeim aðstæðum sem voru tilgreindar undir svarinu „aðrar aðstæður" voru 26% sem sögðu að áfengi væri nánast aldrei neytt á heimilinu og 6% sögðust ekki neyta áfengis nema þegar börnin væru ekki heima. Um 17% foreldra tilgreindu að áfengi væri neytt þegar haldnar væru veislur eða áður en farið væri í samkvæmi og um 11% tilgreindu að áfengis væri neytt með mat. Um 11% tilgreindu að áfengi væri neytt á hátíðisdögum líkt og á gamlárskvöld og aðfangadag og 6% sögðust neyta áfengis í sumarfríum þ.e í útilegum/sumarbústað eða í fríi erlendis.

**Tafla 3.17** Þær aðstæður sem áfengi er helst neytt á heimili þátttakanda eftir kyni foreldris.

| | Karl | Kona | Allir |
|---|---|---|---|
| Í matarboðum | 61% | 56% | 57% |
| Með helgarmat/sparimat | 45% | 38% | 40% |
| Þegar einhverju er fagnað | 31% | 28% | 29% |
| Við hin ýmsu tækifæri | 19% | 15% | 16% |
| Áfengi er aldrei haft á borðum á heimilinu | 13% | 14% | 14% |
| Til að slaka á eftir vinnudag | 14% | 7% | 9% |
| Yfir íþróttakappleikjum | 10% | 5% | 7% |
| Yfir sjónvarpi | 9% | 5% | 6% |
| Þegar upp koma erfiðleikar | 1% | 0% | 0% |
| Aðrar aðstæður | 4% | 8% | 7% |

Um helmingur foreldra (49%) sagði að ungmenni þeirra hefði séð þá undir áhrifum áfengis en að það væri mjög sjaldan. Aðeins 3% foreldra sögðu að ungmenni þeirra hefði séð þá oft undir áhrifum áfengis og um 20% foreldra sögðu að ungmenni þeirra hefði aldrei séð þá undir áhrifum. Fleiri konur en karlar sögðu að ungmenni þeirra hefði aldrei séð þær undir áhrifum áfengis (34% á móti 22%, $p<0.01$). Það var einnig hærra hlutfall karla en kvenna sem sögðu að ungmennið hefði séð það oft eða mjög oft undir áhrifum áfengis(7% á móti 3%, $p<0.01$).

Í töflu 3.18 má sjá mat foreldra á því hve stórt hlutfall jafnaldra ungmennis þeirra þeir telja að hafi neytt áfengis og annarra vímuefna. Mjög fáir af þeim sem gáfu svör töldu að minnsta kosti helmingur jafnaldra ungmennanna þeirra notuðu hvers konar vímuefni utan áfengis, en nokkuð algengt var að merkja við svarmöguleikann „veit ekki“ (14-28%). Þegar kom að mati á áfengisneyslu taldi tæpur fjórðungur (23%) að 51% eða fleiri af jafnöldrum ungmenna þeirra drekki áfengi en 13% að sama hlutfall yrði ölvað að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Séu tölurnar bornar saman við mat foreldra á áfengisneyslu síns eigin ungmennis má sjá að tölunum ber nokkuð vel saman þar sem 27% töldu að unglingurinn þeirra hefði drukkið áfengi að minnsta kosti nokkrum sinnum og 14% að unglingurinn þeirra hefði orðið ölvaður nokkrum sinnum eða oftar.

**Tafla 3.18** Mat foreldra á því hve stórt hlutfall jafnaldra ungmennis þeirra hafi neytt áfengis og annarra vímuefna eftir kyni foreldris.

| | | 0-10% | 11-25% | 26-50% | 51-75% | Meira en 75% | Veit ekki |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reyki tóbak | Karl | 49% | 31% | 6% | 1% | 0% | 13% |
| | Kona | 45% | 28% | 8% | 2% | 0% | 16% |
| | Allir | 46% | 29% | 8% | 2% | 0% | 15% |
| Noti munntóbak eða taki í vör | Karl | 46% | 28% | 11% | 1% | 0% | 14% |
| | Kona | 36% | 27% | 14% | 4% | 1% | 18% |
| | Allir | 38% | 27% | 13% | 4% | 1% | 17% |
| Drekki áfengi (bjór, léttvín eða sterkt áfengi) | Karl | 16% | 25% | 28% | 15% | 4% | 12% |
| | Kona | 16% | 20% | 25% | 18% | 7% | 14% |
| | Allir | 16% | 21% | 26% | 17% | 6% | 14% |
| Verði ölvaðir a.m.k. einu sinni í mánuði | Karl | 27% | 28% | 20% | 7% | 1% | 17% |
| | Kona | 23% | 24% | 20% | 11% | 3% | 19% |
| | Allir | 24% | 25% | 20% | 10% | 3% | 18% |
| Noti stera | Karl | 72% | 4% | 0% | 0% | 0% | 24% |
| | Kona | 63% | 7% | 1% | 0% | 0% | 19% |
| | Allir | 65% | 6% | 1% | 0% | 0% | 28% |
| Hafi prófað kannabisefni (hass/gras (marijúana)) | Karl | 46% | 24% | 6% | 2% | 1% | 21% |
| | Kona | 44% | 20% | 7% | 2% | 1% | 26% |
| | Allir | 44% | 21% | 7% | 2% | 1% | 25% |
| Hafi prófað önnur ólögleg vímuefni | Karl | 62% | 12% | 2% | 0% | 0% | 24% |
| | Kona | 56% | 11% | 2% | 1% | 0% | 30% |
| | Allir | 57% | 12% | 2% | 1% | 0% | 28% |

Í töflu 3.19 má sjá afstöðu foreldra til þess hver áfengiskaupaaldur ætti að vera samkvæmt lögum. Meirihluti foreldra eða 72% taldi að áfengiskaupaaldur ætti að vera 20 ára samkvæmt lögum líkt og hann er, en 24% foreldra fannst að áfengiskaupaaldur ætti að vera 18 ára. Hlutfallslega fleiri konur sögðu að áfengisaldur ætti að vera 20 ára samkvæmt lögum en karlar (75% á móti 64%). Hins vegar sögðu hlutfallslega fleiri karlar samanborið við konur að áfengiskaupaaldur ætti að vera 18 ára samkvæmt lögum eða 32% á móti 21%. Um 1% foreldra svöruðu annað (n=41) og af þeim sögði 42% (n=17) að áfengiskaupaaldur ætti að vera sá sami og lögræðisaldur óháð því hvort sá aldur væri 18 ára eða 20 ára. Um 37% sögði að áfengiskaupaaldur ætti að vera hærri en 20 ára og 15% sögði að gera ætti greinarmun á áfengiskaupaaldri á sterku og léttu víni.

**Tafla 3.19** Afstaða foreldra hver áfengiskaupaldur ætti að vera samkvæmt lögum eftir kyni foreldris.

| | | Karl<br>n=817 | Kona<br>n=2314 | Allir<br>n=3215 |
|---|---|---|---|---|
| Engin aldurstakmörk | Fjöldi | 1 | 0 | 4 |
| | % | 0 | 3 | 0 |
| 15 ára | Fjöldi | 0 | 0 | 0 |
| | % | 0 | 0 | 0 |
| 16 ára | Fjöldi | 1 | 0 | 5 |
| | % | 0 | 4 | 0 |
| 17 ára | Fjöldi | 3 | 2 | 5 |
| | % | 0 | 0 | 0 |
| 18ára | Fjöldi | 261 | 486 | 771 |
| | % | 32 | 21 | 24 |
| 19 ára | Fjöldi | 16 | 46 | 73 |
| | % | 2 | 2 | 2 |
| 20 ára | Fjöldi | 523 | 1734 | 2316 |
| | % | 64 | 75 | 72 |
| Annað | Fjöldi | 8 | 23 | 41 |
| | % | 1 | 1 | 1 |

Tæplega helmingur foreldra (49%) taldi ásættanlegt að einstaklingur neytti áfengis í fyrsta sinn við 20 ára aldur eða eldri. Konur voru líklegri en karlar til að telja að einstaklingur ætti ekki að neyta áfengis í fyrsta sinn fyrr en við 20 ára aldur eða síðar (52% á móti 41%, $p<0.01$).

## 3.5. *Foreldrastarf í skólum*

Í þessum kafla eru birtar niðurstöður er varða foreldrastarf í framhaldsskólum. Einnig eru niðurstöður birtar er varða viðhorf foreldra gagnvart áfengisneyslu á framhaldsskólaskemmtunum og hvernig þeir telja að bregðast eigi við slíkri hegðun.

Í töflu 3.20 má sjá hlutfall foreldra eftir því hvort þeir telji forvarnir í framhaldsskólum mikilvægar og hvort framhaldsskólaskemmtarnir eigi að vera áfengis- og vímuefnalausar eftir kyni foreldris. Meirihluti foreldra (75%) voru mjög eða frekar sammála því að foreldraþátttaka í skólastarfi skipti miklu máli varðandi áfengis- og vímuvarnir auk þess sem 87% töldu mikilvægt að foreldraráð skólanna beiti sér í áfengis og vímuvörnum. Meirihluti foreldra (75%) var einnig ánægður með forvarnarstefnu þess skóla sem ungmenni þeirra er í. Nokkur kynjamunur var á viðhorfum og konur almennt jákvæðari í garð forvarnastefnu skólanna en karlar. Mikill meirihluti foreldra (93%) var sammála því að skemmtanir á vegum framhaldsskóla ættu að vera áfengis- og vímuefnalausar.

Svipað hlutfall foreldra taldi að áfengisneysla ungmenna í framhaldsskóla ungmennis þeirra væri vandamál (34%) og þeir sem töldu að hún væri ekki vandamál (35%) eða voru hlutlausir (31%). Munur var eftir kyni foreldris, þar sem konur voru frekar sammála þeirri fullyrðingu að áfengisneysla væri vandamál í skóla ungmennis en karlar (35% samanborið við 28%, $p<0.01$).

Flestir foreldrar (69%) voru hlynntir því að notast ætti við áfengismæla á skólaskemmtunum og mæla ætti annars konar neyslu og þá sérstaklega kannabisreykingar (74%). Margir voru hlynntir því að fíkniefnahundar væru notaðir við vímuefnaleit í framhaldsskólum (65%). Hlutfallslega fleiri konur en karlar töldu að mæla ætti áfengisneyslu (72% á móti 57%, $p<0.01$), og annars konar neyslu á skólaskemmtunum (78% á móti 63%, $p<0.01$). Þá voru einnig fleiri konur samanborið við karla sem voru hlynntar því að fíkniefnahundar væru notaðir við vímuefnaleit í skólum (69% á móti 53%, $p<0.01$).

Meirihluti foreldra (69%) var andvígur því að skemmtanir í nafni skólans væru haldnar á vínveitingastöðum. Mikill meirihluti foreldra (92%) var andvígur áfengisdrykkju ólögráða ungmenna á framhaldsskólaaldri þ.e. yngri en 18 ára. Hins vegar voru 68% foreldra andvígir áfengisdrykkju ungmenna yngri en 20 ára þannig að viðhorf foreldra virðast breytast töluvert þegar ungmenni ná 18 ára aldri. Konur höfðu almennt neikvæðari viðhorf gagnvart áfengisneyslu ungmenna.

**Tafla 3.20** Foreldrastarf í framhaldsskólum skipt eftir kyni foreldris.

| | | Mjög sammála | Frekar sammála | Hlutlaus | Frekar ósammála | Mjög ósammála | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ég tel að foreldraþátttaka í skólastarfi skipti miklu máli varðandi áfengis- og vímuvarnir.** | Karl | 33% | 36% | 24% | 5% | 2% | 809 |
| | Kona | 44% | 33% | 20% | 2% | 1% | 2376 |
| | Allir | 41% | 34% | 21% | 3% | 1% | 3207 |
| Ég tel mikilvægt að foreldraráð framhaldsskólanna beiti sér í áfengis- og vímuvörnum.** | Karl | 48% | 34% | 15% | 2% | 1% | 816 |
| | Kona | 61% | 27% | 10% | 1% | 0% | 2424 |
| | Allir | 58% | 29% | 12% | 1% | 0% | 3262 |
| Ég er ánægð (ur) með forvarnastefnu skóla unglingsins míns í áfengis-og vímuefnamálum.** | Karl | 32% | 36% | 28% | 2% | 1% | 685 |
| | Kona | 41% | 36% | 20% | 3% | 1% | 2110 |
| | Allir | 39% | 36% | 22% | 2% | 1% | 2816 |
| Ég tel að skemmtanir á vegum framhaldsskóla eigi að vera áfengis- og vímuefnalausar.** | Karl | 71% | 18% | 8% | 3% | 0% | 825 |
| | Kona | 80% | 14% | 5% | 1% | 1% | 2441 |
| | Allir | 78% | 15% | 6% | 1% | 1% | 3288 |
| Ég tel að áfengisneysla sé vandamál á skemmtunum í skóla unglingsins míns.** | Karl | 9% | 19% | 32% | 30% | 11% | 668 |
| | Kona | 12% | 24% | 30% | 22% | 12% | 1905 |
| | Allir | 11% | 23% | 31% | 24% | 11% | 2589 |
| Ég tel að notast eigi við áfengismæla á framhaldsskólaskemmtunum.** | Karl | 33% | 24% | 20% | 13% | 11% | 802 |
| | Kona | 47% | 25% | 16% | 7% | 4% | 2313 |
| | Allir | 44% | 25% | 17% | 8% | 6% | 3135 |
| Ég tel að mæla þyrfti annars konar neyslu á skólaskemmtunum, sérstaklega kannabisreykingar (gras/marijúana/hass).** | Karl | 37% | 26% | 20% | 7% | 8% | 779 |
| | Kona | 49% | 29% | 15% | 4% | 3% | 2228 |
| | Allir | 46% | 28% | 16% | 5% | 4% | 3026 |
| Ég er hlynnt(ur) því að fíkniefnahundar séu notaðir við vímuefnaleit í framhaldsskólum.** | Karl | 32% | 21% | 14% | 15% | 19% | 804 |
| | Kona | 45% | 24% | 15% | 8% | 8% | 2257 |
| | Allir | 42% | 23% | 15% | 10% | 11% | 3081 |
| Ég er andvíg(ur) því að skemmtanir í nafni skólans séu haldnar á vínveitingastöðum.** | Karl | 44% | 20% | 23% | 8% | 5% | 816 |
| | Kona | 50% | 21% | 22% | 5% | 2% | 2369 |
| | Allir | 48% | 21% | 22% | 6% | 3% | 3207 |
| Ég er andvíg(ur) áfengisdrykkju ólögráða unglinga á framhaldsskólaaldri (yngri en 18 ára).** | Karl | 66% | 22% | 8% | 2% | 1% | 828 |
| | Kona | 76% | 16% | 6% | 1% | 0% | 2440 |
| | Allir | 74% | 18% | 6% | 2% | 1% | 3290 |
| Ég er andvíg(ur) áfengisdrykkju unglinga á framhaldsskólaaldri (undir tvítugt).** | Karl | 30% | 32% | 22% | 11% | 5% | 821 |
| | Kona | 38% | 33% | 21% | 7% | 1% | 2423 |
| | Allir | 36% | 32% | 21% | 8% | 2% | 3266 |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.

*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldris

**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldris

## 3.6. Skólinn

Flestir foreldrar tilgreindu að skólinn ætti að láta foreldra vita ef ungmenni þeirra væri undir áhrifum áfengis og láta þá sækja ungmennið. Nokkur kynjamunur var á því hvernig foreldrar töldu að bregðast ætti við (sjá töflu 3.21).

**Tafla 3.21** Hlutfall foreldra eftir því hvernig þeim finnst að skólinn eigi að bregðast við ef ungmenni er undir áhrifum áfengis á skólaskemmtunum.

| | Karl | Kona | Allir |
|---|---|---|---|
| Aðhafast ekkert** | 2% | 0% | 1% |
| Vísa unglingnum út af skemmtuninni** | 40% | 30% | 34% |
| Láta foreldra/forsjáraðila vita og fá þau til að sækja unglinginn sinn** | 89% | 95% | 96% |
| Skylda unglinginn til að mæta í viðtal hjá námsráðgjafa/forvarnafulltrúa vegna málsins** | 33% | 39% | 39% |
| Banna aðgengi unglingsins að næstu skólaskemmtun | 16% | 18% | 18% |
| Senda barnavernd tilkynningu um atvikið | 6% | 7% | 7% |
| Annað | 3% | 3% | 3% |

[a]Fjöldi allra sem svöruðu spurningunni og skipt eftir kyni. Þeir sem svöruðu veit ekki/vil ekki svara voru ekki taldir með.

*p<.05; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldris

**p<.01; kíkvaðrat marktektarpróf fyrir mun á svörun eftir kyni foreldris

Alls tilgreindu 3% foreldra að skólinn ætti að bregðast á einhvern annan hátt við en talið var upp í valkostum í töflu 3.21. Af þeim foreldrum sem tilgreindu annað sögðu 49% að taka yrði tilllit til aldurs ungmennis, hve ölvað það væri og hvort um ítrekað brot væri að ræða eða ekki þegar ákveða skildi hvernig bregðast ætti við. Það voru svo um 14% af þeim foreldrum sem tilgreindu annað sem sögðu að bjóða ætti upp á fræðslu um skaðsemi áfengis og vímuefna fyrir bæði ungmenni og foreldra þeirra. Það komu einnig fram tillögur um skólinn ætti að skilgreina betur hvað væri að vera undir áhrifum áfengis.

Ein spurning sneri að matarmálum ungmenna á skólatíma. Foreldrar sögðu að um 35% ungmenna þeirra verði sér út um hádegismat í mötuneyti skólans,en 34% koma með nesti að heiman og 21% kaupa sér mat í bakaríi, sjoppu eða verslun.

# 4. Heimildaskrá


1. Reducing underage drinking: A collective responsibility. Adolescence. 2005;40(159):675-.
2. Hingson R, Kenkel D. Social, health, and economic consequences of underage drinking. Reducing underage drinking: A collective responsibility. 2004:351-82.
3. Hanes M. Effects and Consequences of Underage Drinking. Juvenile Justice Bulletin. 2012:1-11.
4. Kristjansson AL, James JE, Allegrante JP, Sigfusdottir ID, Helgason AR. Adolescent substance use, parental monitoring, and leisure-time activities: 12-year outcomes of primary prevention in Iceland. Preventive medicine. 2010;51(2):168-71.
5. Kristjansson AL, Sigfusdottir ID, James JE, Allegrante JP, Helgason AR. Perceived parental reactions and peer respect as predictors of adolescent cigarette smoking and alcohol use. Addictive behaviors. 2010;35(3):256-9.
6. Ary DV, Tildesley E, Hops H, Andrews J. The influence of parent, sibling, and peer modeling and attitudes on adolescent use of alcohol. International Journal of the Addictions. 1993;28(9):853-80.
7. long Foley K, Altman D, Wolfson M. Adults' approval and adolescents' alcohol use. Journal of Adolescent Health. 2004;35(4):345. e17-. e26.
8. Beck KH, Shattuck T, Haynie D, Crump AD, Simons-Morton B. Associations between parent awareness, monitoring, enforcement and adolescent involvement with alcohol. Health Education Research. 1999;14(6):765-75.
9. Beck KH, Lockhart SJ. A model of parental involvement in adolescent drinking and driving. Journal of Youth and Adolescence. 1992;21(1):35-51.
10. Yu J. The association between parental alcohol-related behaviors and children's drinking. Drug and alcohol dependence. 2003;69(3):253-62.
11. Coleman JS. Social capital in the creation of human capital. American journal of sociology. 1988:S95-S120.
12. Bjarnason T, Thorlindsson T, Sigfusdottir ID, Welch MR. Familial and religious influences on adolescent alcohol use: A multi-level study of students and school communities. Social Forces. 2005;84(1):375-90.
13. Kristjánsson ÁL, Sigfúsdóttir ID, Sigfússon J. Ungt fólk 2006: menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi: rannsókn meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla vorið 2006. 2006.
14. Aunola K, Stattin H, Nurmi J-E. Parenting styles and adolescents' achievement strategies. Journal of adolescence. 2000;23(2):205-22.
15. Sigfusdottir I-D, Farkas G, Silver E. The role of depressed mood and anger in the relationship between family conflict and delinquent behavior. Journal of Youth and Adolescence. 2004;33(6):509-22.
16. Menntavísindastofnun MHÍ. Hugbúnaðurinn Qualtrics. 2016 [uppfærð 23.janúar 2014].; http://menntavisindastofnun.hi.is/hugbunadur.
17. Menntamálastofnun. Fjöldi nýnemaplássa í framhaldsskólum haustið 2015. http://www.menntagatt.is/media/pdf/fjoldi_nem_skola_2015.pdf.
18. Hagstofa Íslands. Hagtíðindi - Mannfjöldi. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2015 12.október 2015. Report No.: 4.